

## **Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 24. ágúst 2017 kl. 10.30-12.00 í Nýja Garði**

Mætt voru: Guðmundur Hálfðanarson (formaður, sem stjórnaði fundi), Auður Hauksdóttir (SVF), Sveinn Yngvi Egilsson (B&L), Eiríkur Rögnvaldsson (MVS), Ragnheiður Kristjánsdóttir (SAGN), Rúnar Már Þorsteinsson (GUÐ), Sigríður Þorgeirsdóttir (HEIM), Vilhjálmur Árnason (SIÐ), Valur Ingimundarson (EDDA), Gústav Adolf Friðriksson (DOKT) og Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð). Stjórn RIKK boðaði forföll.

### **Fundargerð**

1. *Fundargerð síðasta fundar*: Samþykkt.

2. *Endurskoðun á framlögum til rannsóknastofnana*: ESS kynnti niðurstöður vinnuhóps sem skipaður var af sviðsforseta vorið 2017 til að gera tillögu að notkun framlaga Hugvísindasviðs til rannsóknastofnana sviðsins (skilagrein í viðhengi). Í umræðum var m.a. rætt hvort flokkun sjóða í viðhengi 3 (vegna stuðnings við þá sem afla stórra styrkja) væri eðlileg og þá m.a. í ljósi þess hverju styrkir skila í mótframlagakerfi HÍ og í gegnum samrekstur (e. overhead); hvað mikið sparast við fækkun styrkja úr rannsóknasjóði og vegna ferða doktorsnema; hvort hætti væri á að rannsóknastofninar „færu á hausinn“ við lækkun framlaga; hvaða leiðir væru færar til að draga úr áhættu stofnana vegna bókaútgáfu og stofnanir ættu ekki að styrkja um fasta upphæð á meðan höfundar bera endanlega ábyrgð. Niðurstaða: Endurskoða tillögurnar áður en þær fara í almenna umræðu. GH athugar hvort mögulegt sé að fjármagna stuðning til einstaklinga sem afla styrkja á annan hátt en úr framlagi til stofnana.

3. *Vísindanefnd HÍ*: VI gerði grein fyrir umræðu um tvö mál, annars vegar um rannsóknastyrki úr Rannsóknasjóði HÍ og hins vegar um styrki til doktorsnema. Framvegis verður hægt að sækja um rannsóknastyrki til allt að þriggja ára án framvinduskýrslu. Eins verður dregið úr ytra jafningjamati. Vísindanefnd vinnur að endurskoðun á styrkjum til doktorsnema með það að markmiði að veita styrki frá upphafi náms í þrjú ár. Eins er til umræðu að hækka styrki til doktorsnema.

6. *Önnur mál*: Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 12.00